

Umhverfis- og loftslagsstefna landskjörstjórnar

TILGANGUR OG MARKMIÐ

Landskjörstjórn leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og haga starfsemi sinni þannig að neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið séu í lágmarki. Leitast er við að draga úr sóun við innkaup, efla umhverfisvitund starfsfólks og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til þess að minnka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Stefnan¹ tekur til allrar starfsemi landskjörstjórnar, þ. á m. til samgangna, orkunotkunar, úrgangsmýndunar, umhverfisfræðslu og framkvæmdar kosninga.

Markmið landskjörstjórnar eru eftirfarandi:

- Landskjörstjórn er kolefnishlutlaus árið 2040. Losun gróðurhúsalofttegunda lækki um 6% á milli áranna 2024 og 2025.
- Innleiðingu á Grænum skrefum verður lokið fyrir árslok 2025.

ÁHERSLUR

Í starfsemi landskjörstjórnar er áhersla lögð á eftirtalda þætti til að ná markmiðum stefnunnar.

Umhverfisvitund

Starfsfólk er hvatt til að taka vistvæna leigubíla og bílaleigubíla þegar við á. Samgöngusamningar standa starfsfólki til boða. Að lágmarki tvisvar á ári fer fram fræðsla fyrir starfsfólk um umhverfismál. Lögð er áherslu á að sporna við neikvæðum áhrifum á umhverfið við framkvæmd kosninga.

Orkunýting og sóun

Orka er spöruð, t.d. með því að hafa ljós slökkt þegar þau eru óþörf og velja orkusparandi rafmagnstæki við innkaup. Leitast er við að draga úr sóun. Sorp er flokkað og skilað og skjöl eru ekki prentuð út nema það sé nauðsynlegt.

Kolefnisjöfnun

Landskjörstjórn kolefnisjafnar í starfsemi sinni eftir viðurkenndum aðferðum og í samvinnu við aðra opinbera aðila.

ÁBYRGÐ OG EFTIRFYLGNI

Stefna þessi skal endurskoðuð að lágmarki á þriggja ára fresti. Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt í starfseminni. Stefnan er birt á ytri og innri vef landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn
11. september 2025

¹ Aðgerðir landskjörstjórnar taka mið af þeim lögum og reglum sem gilda hverju sinni og stefnu stjórnvalda á sviði umhverfis- og loftslagsmála.